



Alþingi
Erindi nr. P 128/902
komudagur 31.1.2003

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 31. janúar 2003
Tilvísun: 2002120138
091.1

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um almannavarnir o.fl., 464. mál.

Ríkislögreglustjóri vísar til þeirra sjónarmiða sem reifuð eru í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu, en þar eru færð fram rök fyrir breyttu skipulagi á stjórnsýslu almannavarna.

Þær breytingar sem stefnt er að með frumvarpi þessu hafa vakið blendin viðbrögð ýmissa aðila og skal af því tilefni áréttað, að ríkislögreglustjóri hafði enga aðkomu að þeim breytingum sem nú er stefnt að. Hins vegar er tekið undir það mat að breyting sú sem lögð er til í frumvarpinu leiði til einfaldara og skilvirkara almannavarnakerfis.

Með vísan til framangreinds þykja ekki rök til að fjalla ítarlega um almannavarnafyrirkomulag í landinu. Þó þykir óhjákvæmilegt að benda á að það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og lýtur að verksviði ríkislögreglustjóra annars vegar og samstarfsnefndar um almannavarnir hins vegar þykir ekki nægilega skýrt og þyrfti að skilgreina það nánar í frumvarpinu og/eða reglugerð sem gert er ráð fyrir að ráðherra setji, þ. á m. um aðkomu ríkislögreglustjóra að samstarfsnefndinni.